

Akureyrarbær, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri og Knattspyrnufélag Akureyrar (nefnt KA), kt. 700169-4219 v/Dalsbraut, 600 Akureyri, gera með sér svofelldan

VIÐAUKA

fyrir árið 2018 við REKSTRAR- OG SAMSTARFSSAMNING frá 6. maí 2013

Markmið Akureyrarbæjar

Markmið Akureyrarbæjar með viðauka þessum er að skapa KA aðstæður til að sinna auknu umfangi í rekstri mannvirkisins m.t.t. verkefna tengdum gervigrasvellinum á félagssvæði KA.

Helstu verkefni KA

Fyrir framlag Akureyrarbæjar til KA skal félagið;

- sjá um viðhald og eftirlit á gervigrasvellinum á félagssvæði sbr. viðhaldsáætlun (fylgiskjal 1).
- Hafa almennan opnunartíma á félagssvæðinu frá kl. 08:00-20:00 á laugardögum og 09:00-17:00 á sunnudögum m.t.t. fjölgunar iðkenda og verkefna þeim tengdum.
- útvega starfsmann á vakt í Íþróttahúsi Naustaskóla, frá kl. 15:00-22:00 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 15:00-19:00 á föstudögum, fram til 31. desember 2018. Sjá nánar í fylgiskjali 2.

Framlög og greiðslur

Framlag Akureyrarbæjar skv. þessum viðauka er í formi rekstrarstyrks að fjárhæð kr. 8.300.000. Framlag Akureyrarbæjar er með skilyrði um samþykki bæjarráðs.

Fyrsta framlag að fjárhæð kr. 4.841.000 greiðist 6. júlí 2018. Frá og með ágúst greiðist framlagið til KA í fimm jöfnum greiðslum, n.t.t. í byrjun ágúst, september, október, nóvember og desember 2018.

Gildistími

Þessi viðauki gildir frá 1. janúar 2018 til og með 31. desember 2018.

Annað

Að öðru leiti eru ákvæði samningsins dags. 6. maí 2013 og framlengingarsamnings dags. 30. mars 2016 í fullu gildi.

Akureyri, 5. júlí 2018

f.h. Knattspyrnufélags Akureyrar

f.h.b.

Ingvar Gíslason formaður

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður

Vottar: _____ kt.

_____ kt.

Fylgiskjal 2

1. KA skuldbindur sig til að útvega starfsmann á vakt í **Íþróttahúsi Naustaskóla**, frá kl. **15:00-22:00 mánudaga til fimmtudaga** og frá kl. **15:00-19:00 á föstudögum**, frá 1. september til og með 31. desember 2018.
2. Starfsemi á vegum aðildarfélaga ÍBA í Íþróttahúsi Naustaskóla veturinn 2017-2018 er frá 1. september 2017 til og með 18 maí. Opnunartími á og kringum helgidaga og almenna frídaga á þessu tímabili verður í samræmi við opnunartíma Íþróttahúss Lundarskóla.
3. Nánar og síðar verður samið um opnun og mönnun vakta í íþróttamannvirkinu frá og með 1. janúar 2019.
4. Starfsmaðurinn skal vera starfsmaður KA og hans helstu hlutverk eru að:
 - a) Hafa eftirlit í klfum
 - b) Halda húsnæði og umhverfi hreinu og snyrtilegu, s.s. þrif í klfum, þrif í sal, þrif á gangi
 - c) Skrá mætingu iðkenda í æfingatíma í mannvirkinu
 - d) Auk annara verka sem tilheyra starfi starfsmanna íþróttamannvirkis.